

**A 1704/præsídiet**

<b>Afgreiðsla</b>	Forsætisnefndin
<b>Fylgiskjal/-skjöl</b>	Minnisblað Lagaskrifstofu danska þjóðþingsins um spurningu um fyrirsvar Færeyja í Norðurlandaráði

Nefndarálit forsætisnefndarinnar um  
**þingmannatillögu**  
**um aðild Færeyja að öllum norrænum samningum og sáttmálum**

**Inngangur**

Forsætisnefndin telur dýrmætt að Færeyjar vilji dýpka norrænt samstarf.

Forsætisnefndin bíður fagnandi niðurstöðu samráðs milli Danmerkur og Færeyja sem Norræna ráðherranefndin átti frumkvæði að.

Með hliðsjón af framangreindu telur forsætisnefndin, hvað varðar alþjóðasamninga, að Norðurlandaráð geti ekki átt samræður um aðild Færeyja að öllum norrænum samningum og sáttmálum.

**Tillaga**

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð aðhafist ekki frekar vegna þingmannatillögu A 1704/præsídiet.

**Forsaga**

Landsdeild Færeyja lagði til

að ríkisstjórnir Norðurlanda, Norræna ráðherranefndin og Norðurlandaráð verði við ósk færeysku ríkisstjórnarinnar um viðræður um hvernig Færeyjar geta orðið aðilar að öllum norrænum samningum og sáttmálum.

Þingmannatillaga A 1704/præsídiet er að miklu leyti sama efnis og bréf dagsett 5. október 2016 sem lögmaður Færeyja og færeyski samstarfsráðherrann sendu Norðurlandaráði og Norrænu ráðherranefndinni. Í bréfinu kemur fram að „Færeyingar óska eftir því að vera fullgildur aðili að Norðurlandaráði, Norrænu ráðherranefndinni og öllum norrænum samningum og sáttmálum“.

Norræna ráðherranefndin svaraði bréfinu 8. nóvember 2016. Í svarinu kemur fram að ekki sé einhugur meðal norrænu samstarfsráðherranna um hvort verða skuli við umsókn Færeyja um



fulla aðild, en að samstarfsráðherrarnir skrái hjá sér að Danmörk komi síðar með tillögu um hvernig efla megi enn frekar þátttöku Færeyja í norrænu samstarfi.

Helstu rökin í þingmannatillögu A 1704/presidiet eru þau að Færeyingar hafa átt sterka ósk um að gerast fullgildir aðilar að norrænu samstarfi allt frá því að til þess var stofnað. Því sækja Færeyjar aftur um að gerast aðilar að öllum norrænum samningum og sáttmálum.

Í tillögunni er vísað til þess að þegar ráðist var í umbætur á norrænu samstarfi hafi Færeyingar bent á að ástæða væri til að endurskoða Helsingforssamninginn og stöðu svonefndra sjálfstjórnarsvæða þegar gerðar yrðu umbætur á samstarfinu á annað borð.

Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin hafa áður fjallað um þátttöku Færeyja í norrænu samstarfi.

Í ágúst 1976 bar Erlendur Patursson fram þingmannatillögu A 495/j í Norðurlandaráði um sjálfstætt fyrirvar Færeyja í Norðurlandaráði. Í febrúar 1978 ákvað Norðurlandaráð að aðhafast ekkert frekar vegna tillögunnar.

Í september 1978 báru Steen Folke, Ib Nørlund, Erlendur Patursson og Mogens Voigt fram þingmannatillögu A 541/j í Norðurlandaráði um sjálfstætt fyrirvar Færeyja í Norðurlandaráði. Í febrúar 1979 ákvað Norðurlandaráð að aðhafast ekkert frekar vegna tillögunnar.

Í október 1979 báru Steen Folke og Erlendur Patursson fram þingmannatillögu A 577/j í Norðurlandaráði um sjálfstætt fyrirvar Færeyja í Norðurlandaráði.

Í febrúar 1980 bar danska ríkisstjórnin fram ríkisstjórnartillögu B 29/j í Norðurlandaráði um fyrirvar Færeyja og Grænlands í Norðurlandaráði.

Þingmannatillaga A 577/j og ríkisstjórnartillaga B 29/j voru afgreiddar samtímis í Norðurlandaráði. Niðurstaðan varð sú að ráðið samþykkti í febrúar 1983 tilmæli 5/1983 um breytingar á 44., 47., 48., 49., 55., 60., 61. og 63. gr. Helsingforssamningsins varðandi fyrirvar Álandseyja, Færeyja og Grænlands í Norðurlandaráði.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar gerðu samkomulag þann 15. júní 1983 um breytingar á 44., 47., 48., 49., 55., 60., 61. og 63. gr. Helsingforssamningsins í því skyni að auka fyrirvar Álandseyja og Færeyja í Norðurlandaráði og Norrænu ráðherranefndinni og jafnframt að veita Grænlandi sams konar fyrirvar í umræddum stofnunum.

Í mars 2003 ákvað Lögþing Færeyja að sækja um fullt jafnræði í norrænu samstarfi og beina aðild að Helsingforssamningnum og öllum samningum og sáttmálum sem undirritaðir höfðu verið innan ramma hans. Í maí 2003 var formleg umsókn send til Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar.

Í september 2005 báru Hogni Hoydal, Kári P. Højgaard, Kristen Touborg Jensen, Line Barfod og Kuupik Kleist fram þingmannatillögu A 1378/presidiet um efnislega afgreiðslu og að



stofnuð yrði nefnd sem fjalla skyldi um einróma umsókn Færeyja um sjálfstæða aðild að Norðurlandaráði, Norrænu ráðherranefndinni og öllum norrænum samningum og sáttmálum. Í október 2007 ákvað Norðurlandaráð að aðhafast ekkert frekar vegna tillögunnar.

Í október 2005 ákváðu norrænu samstarfsráðherrarnir að gera óháða könnun á stöðu svonefndra sjálfstjórnarsvæða og starfsmöguleikum þeirra í norrænu samstarfi. Sú könnun leiddi til þess að í apríl 2007 var samþykkt starfsumboð vinnuhóps, sem skyldi semja tillögu að aðgerðum sem gætu eflt þátttöku sjálfstjórnarsvæðanna í norrænu samstarfi. Vinnuhópurinn átti að kanna ástæður sem kæmu í veg fyrir rétt Álandseyja, Færeyja og Grænlands til þátttöku, og jafnframt leggja fram tillögur að beinum aðgerðum innan ramma Helsingforssamningsins sem gætu aukið þátttöku sjálfstjórnarsvæðanna. Vinnuhópurinn fjallaði því ekki um tillögur sem kröfðust breytinga á Helsingforssamningnum. Samstarfsráðherrarnir fjölluðu um álit vinnuhópsins í september 2007 og samþykktu einróma tillögur sem þar komu fram. Út úr því kom Álandseyjaskjalið svonefnda.

Forsætisnefndin ræddi þingmannatillögu A 1704/presidiet á fundi sínum 28. nóvember 2016. Nefndin ákvað að „skýra þyrfti stjórnarskrárbundin tengsl Danmerkur og Færeyja innan Konungsríkisins áður en Norðurlandaráð gæti afgreitt málið og gert hugsanlegar breytingar á Helsingforssamningnum“.

Skrifstofa Norðurlandaráðs fylgdi ákvörðuninni eftir með því að leita eftir aðstoð skrifstofu dönsku landsdeildarinnar við gerð minnisblaðs um lagalegar hliðar málsins samkvæmt dönsku stjórnarskránni. Minnisblaðið skyldi varpa ljósi á lagalegar hliðar tengsla Danmerkur og Færeyja innan *Konungsríkisins* sem vörðuðu möguleika Færeyja á fullri aðild að Norðurlandaráði út frá Helsingforssamningnum, og öllum öðrum norrænum samningum og sáttmálum. Lagaskrifstofa danska þjóðþingsins tók verkið að sér og samdi minnisblað sem varpar ljósi á málið. Minnisblaðið er í viðhengi.

Þingmannatillagan fékk nýja meðhöndlun í forsætisnefndinni 3. apríl 2017. Forsætisnefndin ákvað að fela skrifstofu ráðsins að kanna hvort staðið hafi verið við þau fyrirheit varðandi Norðurlandaráð, sem gefin eru í Álandseyjaskjalinu og fella inn í nefndarálitnið fyrirbyggjandi möguleika á aukinni þátttöku Færeyja í Norðurlandaráði út frá núgildandi reglum.

Skrifstofa Norðurlandaráðs fylgdi ákvörðuninni eftir, fór yfir Álandseyjaskjalið og átti samráð við skrifstofu ráðherranefndarinnar um eftirfylgni skjalsins. Skrifstofa Norðurlandaráðs hefur jafnframt farið yfir Starfsreglur Norðurlandaráðs og Helsingforssamninginn og kannað möguleika á að auka þátttöku Færeyja í Norðurlandaráði.

### **Sjónarmið forsætisnefndar**

Forsætisnefndinni er kunnugt um innihald minnisblaðs Lagaskrifstofu danska þjóðþingsins. Forsætisnefndinni er einnig kunnugt um efni bréfs sem Norræna ráðherranefndin sendi lögmanni Færeyja og færeyska samstarfsráðherranum.

Samkvæmt dönsku stjórnarskránni, *Danmarks Riges Grundlov*, fer konungur (stjórnvöld) með alþjóðamál fyrir hönd ríkisins. Í því felst að hlutar ríkisins hafa ekki sjálfstætt vald í þeim efnum. Því þyrfti breytingar á stjórnarskránni til þess að Færeyjar gætu þjóðréttarlega farið



með alþjóðamál á eigin vegum. Í því felst einnig að stjórnarskráin kemur í veg fyrir að Færeyjar geti farið fram fyrir hönd ríkisins og skuldbundið allt ríkið.

Engu að síður er hægt innan ramma stjórnarskrárinnar að veita Færeyjum vald til að fara með ákveðin alþjóðleg málefni sem varða Færeyjar eingöngu og ekki aðra hluta ríkisins. Um þetta atriði er fjallað í dönskum lögum nr. 579 frá 24. júní 2005 um þátttöku landsstjórnar Færeyja í þjóðréttarlegum samningum, *Lov om Færøernes landsstyres indgåelse af folkeretlige aftaler*. Valdheimild einskorðast við málaflokka sem Færeyjar hafa löggjafar- og stjórnarsýsluvald yfir og ennfremur gilda alþjóðasamningar, sem Færeyjar gerast aðilar að, eingöngu um yfirráðasvæði Færeyja. Lögin gera ráð fyrir að náð samstarf sé milli ríkisstjórnarinnar og landsstjórnar Færeyja. Þrátt fyrir að Færeyjar hafi valdheimild til að gerast aðilar að ákveðnum alþjóðasamningum fyrir hönd ríkisins um málefni sem varða Færeyjar eingöngu, ber ríkisstjórnin ábyrgð á utanríkisstefnunni.

Samkvæmt lögum nr. 579 geta Færeyjar ekki tekið þátt í þjóðréttarlegum samningum sem varða varnar- og öryggismál, eða mál sem varða Danmörku, eða sem gerðir eru á vettvangi alþjóðlegrar stofnunar sem Danmörk er aðili að.

Færeyjar geta þó sótt um aðild að alþjóðastofnunum þar sem aðild er opin öðrum en ríkjum og ríkjabandalögum, ef ríkisstjórnin afhendir eða styður umsókn Færeyja í samræmi við stjórnskipunarlega stöðu Færeyja. Slík aðild er að mestu leyti svonefnd aukaaðild en hún felst oft í rétti til þátttöku með málfrelsi en ekki atkvæðisrétti á fundum viðkomandi stofnunar, kjörgengi í öll eða sum ráð og nefndir stofnunarinnar og greiðslu á niðursettu þátttökugjaldi.

Forsætisnefndin skráir hjá sér að danska stjórnarskráin kemur í veg fyrir að Færeyjar geti á eigin vegum sótt um fulla aðild að Norðurlandaráði vegna þess að konungur (stjórnvöld) fer lögum samkvæmt með alþjóðleg málefni fyrir hönd ríkisins, einnig alþjóðasamninga eins og Helsingforssamninginn sem eingöngu fullvalda ríki eru aðilar að. Kemur það í veg fyrir að Færeyjar geti orðið aðilar að Helsingforssamningnum og einnig að Færeyjar geti orðið aðilar að öllum norrænum samningum og sáttmálum.

Forsætisnefndin skráir hjá sér að þrátt fyrir að dönsk lög nr. 579 um aðild landsstjórnar Færeyja að þjóðréttarlegum samningum heimili takmarkaða aðild að alþjóðlegum stofnunum, þar sem aðrir aðilar en ríki og ríkjabandalög geta átt aðild í eigin nafni, þá gildir hið sama ekki um Helsingforssamninginn en eingöngu fullvalda ríki eru aðilar að honum.

Þá skráir forsætisnefndin hjá sér að samkvæmt lögum nr. 579 geta Færeyjar ekki tekið þátt í þjóðréttarlegum samningum sem gerðir eru á vettvangi alþjóðastofnunar sem Danmörk er aðili að, og Danmörk hefur undirritað.

Forsætisnefndin slær því föstu að ekki er hægt að framkvæma þingmannatillöguna án breytinga á Helsingforssamningnum.

Forsætisnefndin dregur þá ályktun að Norðurlandaráð geti ekki átt samræður við landsstjórn Færeyja um hvernig Færeyjar geti orðið aðilar að öllum norrænum samningum og sáttmálum.



Á sama tíma virðir forsætisnefndin metnað Færeyja um að auka þátttöku sína í norrænu samstarfi og telur dýrmætt að Færeyjar vilji dýpka norrænt samstarf.

Forsætisnefndin virðir einnig samráð sem á sér stað milli Danmerkur og Færeyja um væntanlega tillögu Danmerkur sem getur aukið þátttöku Færeyja í norrænu samstarfi enn frekar. Þetta kemur fram í bréfi Norrænu ráðherranefndarinnar til landsstjórnar Færeyja dags. 8. nóvember 2016 varðandi umsókn Færeyja um fulla aðild að Norðurlandaráði, Norrænu ráðherranefndinni og öllum norrænum samningum og sáttmálum.

Forsætisnefndin býður fagnandi niðurstöðu samráðs milli Danmerkur og Færeyja sem Norræna ráðherranefndin átti frumkvæði að.

Álandseyjaskjalið á sínum tíma fól í sér tillögur að aðgerðum sem gætu eftt þátttöku sjálfstjórnarsvæðanna í norrænu samstarfi. Samstarfsráðherrarnir tóku ákvörðun þann 5. september 2007 í samræmi við tillögur þessar. Forsætisnefndin skráir hjá sér tillögur að ýmsum aðgerðum og hvernig þeim hefur verið fylgt eftir.

Fyrstu þrjár tillögurnar að aðgerðum fjölluðu um möguleikann á aðild að ákvörðunum ráðherranefndarinnar, formennsku og skriflegum fyrirspurnum og tilmælum.

- a. *Að samkvæmt 63. grein Helsingforssamningsins skuli Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi gefinn kostur á að bindast ákvörðunum sem ríkin taka í samræmi við samninginn, í samræmi við sjálfstjórnarfyrirkomulagið.*
- b. *Að Danmörk og Finnland geti falið fulltrúum Álandseyja, Færeyja og Grænlands að stjórna fundum ráðherranefnda, embættisnefnda og vinnuhópa.*
- c. *Að ganga úr skugga um að Helsingforssamningnum verði breytt á þá leið, þegar um er að ræða málefni sem varða sjálfstjórnarsvæðin, að landsstjórnir Álandseyja, Færeyja og Grænlands hafi raunverulegan rétt, innan ramma þeirrar valdheimildar sem þeim er veitt, til að vera viðtakendur fyrirspurna og tilmæla frá Norðurlandaráði og veita svör við þeim.*

Tillögunum hefur verið fylgt eftir. Norræna samstarfsnefndin hefur gengið úr skugga um að „Þegar Álandseyjar, Færeyjar og Grænland bindast fundargerð eru þau einnig bundin öllum ákvörðunum í fundargerðinni“.

Þess eru dæmi að færeyskir og grænlandskir ráðherrar og embættismenn hafi stjórnað fundum á formennskuári Danmerkur í Norrænu ráðherranefndinni 2015.

Samstarfsráðherrarnir hafa gengið úr skugga um að Álandseyjar, Færeyjar og Grænland geti verið viðtakendur tilmæla og fyrirspurna sem varða málaflokka sem eru í samræmi við sjálfstjórnarfyrirkomulagið.

Þriðja tillagan að aðgerðum í Álandseyjaskjalinu tengist Norðurlandaráði beint. Um málið er fjallað í 62. gr. í Starfsreglum Norðurlandaráðs:



62. gr. Fyrirspurnir

Fulltrúar geta lagt fram fyrirspurnir til ríkisstjórna, landsstjórna, Naalakkersuisut eða ráðherranefndarinnar. Munnleg fyrirspurn skal lögð fram og henni svarað í sérstökum fyrirspurnartíma, sem fram fer að tillögu forsætisnefndar samkvæmt ákvæðum 17. greinar. Skriflegri fyrirspurn ber að svara eigi síðar en sex vikum eftir að hún berst viðtakanda.

Hér ganga starfsreglurnar lengra en orðalag Helsingforssamningsins.

Helsingforssamningurinn veitir eingöngu rétt til að beina fyrirspurnum til ríkisstjórnar eða ráðherranefndarinnar. Um málið er fjallað í 57. gr. Helsingforssamningsins:

57. gr.

Kjörinn fulltrúi getur beint fyrirspurn til ríkisstjórnar eða ráðherranefndarinnar vegna skýrslu eða greinargerðar sem send hefur verið ráðinu eða um önnur mál sem varða norræna samvinnu.

Fyrirkomulag sem lýst er í 62. gr. í Starfsreglum Norðurlandaráðs tók gildi 1. febrúar 1997 og er enn við lýði.

Fjórar síðustu tillögurnar að aðgerðum fjölluðu um fulla aðild að stjórnnum stofnana og samstarfsstofnana.

- d. Að sjálfstjórnarsvæðin geti tekið þátt í starfi samnorrænna stofnana og samstarfsstofnana jafnfætis löndunum, sem felur í sér að Álandseyjar, Færeyjar og Grænland geti sótt um fulla aðild að umræddum stofnunum í samræmi við Helsingforssamninginn.
- e. Að fara þess á leit við ráðherranefndir sem málið varðar að þær íhugi óskir Álandseyja, Færeyja og Grænlands um þátttöku í stofnunum/samstarfsstofnunum.
- f. Að hvetja samnorrænar stofnanir og samstarfsstofnanir til þess að leita að eigin frumkvæði til sjálfstjórnarsvæðanna þegar mál sem varða svæðin eru á dagskrá viðkomandi stofnunar.
- g. Að hvetja skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar, við undirbúning árlegra stofnanafunda, að huga að hagsmunum Álandseyja, Færeyja og Grænlands þegar mál sem varða sjálfstjórnarsvæðin eru á dagskrá.

Tillögunni hefur verið fylgt eftir. Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi er heimilt að sækja um fulla aðild að samnorrænum stofnunum og samstarfsstofnunum, en viðkomandi ráðherranefnd ákveður hvernig brugðist er við þeirri umsókn. Full aðild í þessu samhengi jafngildir aðild landanna, með atkvæðisrétti.

Umsóknir skulu vera skriflegar. Umsóknarferlið er á þá leið að fyrst er umsóknin send viðkomandi stofnun eða samstarfsstofnun til umsagnar áður en hún er afgreidd í viðkomandi



fagráðherranefnd. Ef fagráðherranefndin styður umsóknina er hún lögð fyrir samstarfsráðherrana sem taka endanlega ákvörðun.

Þegar nýjar stofnanir eru settar á laggirnar skulu Álandseyjar, Færeyjar og Grænland spurð hvort þau óski eftir sjálfstæðri aðild.

Að svo stöddu er allur gangur á því hvernig þátttöku Álandseyja, Færeyja og Grænlands er háttað í stjórnnum stofnana og samstarfsstofnana. Álandseyjar, Færeyjar og Grænland standa jafnfætis löndunum hjá eftirfarandi stofnunum: Norræna húsinu í Reykjavík, Norðurlandahúsinu í Færeyjum, Norrænu stofnuninni á Álandseyjum, Norrænu stofnuninni á Grænlandi og Norrænu menningargáttinni.

Álandseyjar, Færeyjar og Grænland eru með áheyrnaraðild að: Norræna rannsóknaráðinu (NordForsk), Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni, Norrænu rannsóknastofnuninni um byggðaþróun (Nordregio), Norrænu erfðaauðlindastofnuninni (NordGen) og Norrænu velferðarmiðstöðinni (NVC).

Álandseyjar, Færeyjar og Grænland eiga engan fulltrúa í stjórn Norrænu stofnunarinnar um framhaldsmenntun í vinnuvernd (NIVA) vegna þess að þau hafa ekki óskað eftir því.

Forsætisnefndin dregur þá ályktun að tillögum Álandseyjaskjalsins í heild sinni hafi verið fylgt eftir.

Þegar meta á möguleika Færeyja á þátttöku í Norðurlandaráði skulu möguleikar fulltrúa í færeysku deildinni bornir saman við möguleika fulltrúa í landsdeildunum, á sama hátt og möguleikar fulltrúa Færeyja á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar hafa verið bornir saman við möguleika fulltrúa fullvalda landa.

Mismuninn má skýra með því sem er ólíkt með ráðgjafarhlutverki Norðurlandaráðs og ákvörðunum Norrænu ráðherranefndarinnar sem eru bindandi fyrir ríkisstjórnir landanna.

Segja má að staða færeysku deildarinnar í Norðurlandaráði sé í stórum dráttum sambærileg stöðu landsdeildanna. Jafnvel má halda því fram að staða deilda Álandseyja, Færeyja og Grænlands sé sterkari en landsdeildanna varðandi staðgengla í ráðinu vegna þess að deildir Álandseyja, Færeyja og Grænlands tilnefna staðgengla í forföllum almennra fulltrúa á vettvangi annarra stofnana en þingsins eða eftirlitsnefndar, en í landsdeildum velja flokkahóparnir staðgengla. Um málið er fjallað í 73. gr. í Starfsreglum Norðurlandaráðs:

#### 73. gr. Staðgenglar

Í forföllum fulltrúa á vettvangi annarrar stofnunar ráðsins en þingi eða eftirlitsnefnd velja flokkahóparnir staðgengil fulltrúa úr hópi fulltrúa eða staðgengla í ráðinu. Flokkar sem standa utan flokkahópa tilnefna þó staðgengla fulltrúa sinna. Fulltrúar Álandseyja, Færeyja og Grænlands tilnefna varamann í forföllum aðalmanna. Um staðgengla gilda sömu reglur og um fulltrúa í öllum nefndum ráðsins.



Orðalag í Starfsreglum Norðurlandaráðs varðandi forsætisnefnd og eftirlitsnefnd ráðsins endurspeglar þó ólíka stöðu landanna og Álandseyja, Færeyja og Grænlands í Helsingforssamningnum.

Landsdeildirnar skulu eiga fulltrúa í forsætisnefnd og eftirlitsnefnd. Um þetta er fjallað í 22. gr. og 44. gr. í Starfsreglum Norðurlandaráðs.

22. gr. Nefndarskipan

Forsætisnefnd er skipuð forseta, varaforseta og allt að fimmtán fulltrúum. Öll lönd og allir flokkahópar skulu eiga þar fulltrúa.

44. gr. Nefndaskipan

Þingið kýs formann, varaformann og fimm almenna fulltrúa í eftirlitsnefnd auk fimm varafulltrúa þeirra. Enginn þeirra má hafa verið fulltrúi eða varamaður í forsætisnefnd á undangengnu almanaksári. Öll lönd skulu eiga fulltrúa í nefndinni. [...]

Hugsunin að baki því að eingöngu landsdeildir en ekki deildir Álandseyja, Færeyja og Grænlands skuli eiga fulltrúa í forsætisnefnd og eftirlitsnefnd tengist fjármálum og fjármálahliðinni á verkefnum umræddra nefnda.

Forsætisnefndin ber ábyrgð á og semur fjárhagsáætlun Norðurlandaráðs. Eftirlitsnefnd fer með þingbundið eftirlit með þeirri starfsemi sem kostuð er sameiginlega úr norrænum sjóðum, þar á meðal starfi og fjármálum Norðurlandaráðs, á grundvelli ákvarðana forsætisnefndarinnar. Því má enginn fulltrúi í eftirlitsnefnd hafa verið fulltrúi eða varamaður í forsætisnefnd á undangengnu almanaksári.

Samkvæmt 48. gr. og 58. gr. Helsingforssamningsins ber hvert land kostnað af þátttöku landsdeildar sinnar í Norðurlandaráði. Sú er ástæðan fyrir því að landsdeildirnar skulu eiga fulltrúa í forsætisnefnd og eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs en þannig gefst þeim tækifæri til að ræða fjármál og koma að ákvörðunum þar að lútandi.

Í krafti þess að ríki Norðurlanda eiga aðild að Helsingforssamningnum bera þau kostnað af Norðurlandaráði gegnum þjóðþingin. Deildir Álandseyja, Færeyja og Grænlands hafa ekki borið kostnað af Norðurlandaráði sökum þess að þau eru ekki aðilar að Helsingforssamningnum og fyrir vikið skulu þau ekki eiga sæti í forsætisnefnd og eftirlitsnefnd eins og landsdeildirnar.

Engin hindrun er fyrir því að fulltrúar deilda Álandseyja, Færeyja og Grænlands taki sæti í forsætisnefnd eða eftirlitsnefnd enda eru dæmi þess. Nú eru það flokkahóparnir sem velja fulltrúa í þessar nefndir og því eiga fulltrúar Færeyja kost á því að vera fulltrúar flokkahópa sinna í forsætisnefnd og eftirlitsnefnd.

Fulltrúar Álandseyja, Færeyja og Grænlands geta einnig verið frambjóðendur landsdeildanna til forseta og varaforseta eins og dæmin hafa sýnt.





Forsætisnefndin dregur þá ályktun að möguleikar færeysku landsdeildarinnar til þátttöku í Norðurlandaráði hafi verið nýttir fyllilega og á fullnægjandi hátt innan gildandi reglugerðar.

Silverskär, Álandseyjum, 27. júní 2017

*Bertel Haarder (V)*

*Britt Lundberg (ÅC)*

*Henrik Dam Kristensen (S)*

*Juho Eerola (saf)*

*Michael Tetzschner (H)*

*Oddný G. Harðardóttir (A)*

*Phia Andersson (S)*

*Rigmor Andersen Eide (KrF)*

*Sigurður Ingi Jóhannsson (F)*

*Sonja Mandt (A)*

*Steingrímur J. Sigfússon (VG)*

*Wille Rydman (saml)*



## Ný tillaga lögð fram varðandi A 1704/præsidið

Nefndarálit um þingmannatillögu um aðild Færeyja að öllum norrænum samningum og sáttmálum, A 1704/præsidið

### Ný tillaga

Færeyska deildin í Norðurlandaráði bregst við nefndarálitinu með nýrri tillögu og eftirfarandi skýringum:

- Umsókn landsstjórnarinnar hefur ekki fengið nauðsynlega efnislega afgreiðslu.
- Ekki hefur verið leitað álit landsstjórnar og lögþings Færeyja í tengslum við afgreiðslu ráðherranefndarinnar og forsætisnefndarinnar á málinu, en hins vegar hefur lagaskrifstofa danska þjóðþingsins fengið tillöguna til umsagnar og verið falið að semja minnisblað um málið.
- Tillagan hefur ekki verið lögð fyrir landsstjórn eða lögþing Færeyja og þeim hefur ekki gefist færi á að gera athugasemdir við eða andmæla hinum stjórnskipunarréttarlegu og þjóðréttarlegu fullyrðingum sem settar eru fram í minnisblaðinu frá lagaskrifstofu þjóðþingsins, og sem hafa verið teknar einhliða inn í nefndarálit forsætisnefndarinnar sem meginrökstuðningur.
- Landsstjórn og lögþing Færeyja eru alfarið ósammála þeim stjórnskipunarréttarlegu og þjóðréttarlegu fullyrðingum sem settar eru fram í minnisblaðinu, sem er fylgiskjal með málinu, og sem forsætisnefndin byggir niðurstöður í nefndaráliti sínu á.
- Landsstjórn og lögþing Færeyja standa fast á þeirri skoðun að engin stjórnskipunarréttarleg eða þjóðréttarleg rök hnígi að því að standa gegn umsókn Færeyja um að verða fullgildur aðili að Norðurlandaráði, Norrænu ráðherranefndinni og öllum norrænum samningum og sáttmálum, en telja fremur að málið snúist um pólitískan vilja.
- Það myndi ganga gegn hinum norrænu grundvallargildum um lýðræði, jafnræði, frelsi, samráð, tjáningarfrelsi og virðingu fyrir réttindum þjóða ef Norðurlandaráð byggði ákvörðun sína um umsókn Færeyja á einhliða grundvelli og á niðurstöðum sem varða réttindi færeysku þjóðarinnar.
- Einnig hafa dönsk og færeysk yfirvöld átt samræður um málið og það gæti því staðið í vegi fyrir mögulegum úrlausnum ef Norðurlandaráð hafnaði umsókninni.

Færeyska deildin í Norðurlandaráði leggur því til að Norðurlandaráð ákveði:

*að Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um*

*að eiga í opnum samræðum um umsókn Færeyja, þar sem leitað verði álit færeyskra yfirvalda og þeim gefið færi á að bregðast við stjórnskipunarréttarlegum, þjóðréttarlegum og pólitískum rökstuðningi og hugsanlegum lausnum í málinu.*

Helsinki, 2. nóvember 2017



*Jenis av Rana (Mfl)*

*Pauli Trond Petersen (T)*

1. Lagaskrifstofunni hefur borist beiðni um að vinna minnisblað til að varpa ljósi á spurningu um möguleikana á að Færeyjar fái fulla aðild að öllum norrænum samningum og sáttmálum, og að Færeyjar geti orðið fullgildur aðili að Norðurlandaráði og Norrænu ráðherranefndinni. Beiðnin er til komin vegna meðferðar tveggja tillagna sem eru til meðferðar í forsætisnefnd Norðurlandaráðs, þ.e. tillaga frá 23. september 2016 frá landsdeild Færeyja í Norðurlandaráði (tillaga A 1704) og tillaga frá 5. október 2016 frá landsstjórn Færeyja (tillaga B 313).

Í báðum tillögum kemur fram að Færeyjar skuli vera hluti af öllum norrænum samningum og sáttmálum. Síðarnefnda tillagan felur ennfremur í sér að Færeyjar skuli vera „fullgildur aðili að Norðurlandaráði og Norrænu ráðherranefndinni“. Hvað röksemdafærslu varðar eru tillögurnar í öllum aðalatriðum samhljóða.

Í tillögunum er vísað til ýmissa fyrri tillagna og aðgerða varðandi rýmkun á þátttöku og fyrirsvari Færeyja í norrænu samstarfi. Vísað er beint til tillögu sem færeyski fulltrúinn Erlendur Patursson lagði fram í Norðurlandaráði árið 1976 og tillögu sem þáverandi forsætisráðherra Danmerkur, Anker Jørgensen, lagði fram árið 1980.

Ennfremur er tilgreint í tillögunum að umleitanir árið 2003 hafi endað með að umsóknin fékk ekki eiginlega málsmeðferð hjá Norrænu ráðherranefndinni, heldur var samið svonefnt Álandseyjaskjal sem svar við umleitunum Færeyinga.

2. Helsingforssamningurinn, grundvallarsamningur norræns samstarfs í Norðurlandaráði og Norrænu ráðherranefndinni, hefur að geyma ýmiskonar ákvæði varðandi færeyska – og á sama hátt grænlenka og álenska – þátttöku og fyrirsvar í öðrum norrænum samstarfsstofnunum.

Þannig er það ákveðið í 44. grein samningsins að þjóðþing Norðurlandanna, ásamt lögþingi Færeyja, landsþingi Grænlands og lögþingi Álandseyja, og ríkisstjórnir landanna, ásamt landsstjórnnum Álandseyja, Færeyja og Grænlands, vinni saman í Norðurlandaráði.

Í 47. grein um samsetningu Norðurlandaráðs er m.a. kveðið á um að danska þingið, Folketinget, kjósi 16 fulltrúa ráðsins, á meðan lögþing Færeyja og landsþing Grænlands (nú Inatsisartut) kys tvo fulltrúa hvort. Á sama hátt er ákveðið að finnska þingið, Eduskunta, kjósi 18 fulltrúa en lögþing Álandseyja tvo.

Í 48. grein er m.a. kveðið á um að í landsdeild Danmerkur í Norðurlandaráði séu þeir fulltrúar sem danska þingið kys og þeir fulltrúar sem ríkisstjórnin útnefnir, ásamt deildum Færeyja og Grænlands, sem nefndar eru í 2. málsgrein. Á sama hátt samanstendur landsdeild Finnlands af þeim fulltrúum sem kjörnir eru af þinginu og fulltrúum sem ríkisstjórnin útnefnir, svo og deild Álandseyja. Deild Færeyja samanstendur af þeim fulltrúum sem lögþingið kys og þeim fulltrúum sem landsstjórnin útnefnir. Í deild Grænlands eru þeir fulltrúar sem landsþingið



(Inatsisartut) kýs og þeir fulltrúar sem landsstjórnin (Naalakkersuisut) útnefni. Á sama hátt samanstendur deild Álandseyja af þeim fulltrúum sem lögþingið kýs og þeim fulltrúum sem stjórn Álandseyja útnefni.

Núverandi orðalag viðkomandi ákvæða virðist í meginatriðum vera komið frá breytingu á Helsingforssamningnum samkvæmt samkomulagi frá 15. júní 1983. Samkvæmt inngangsorðum samningsins þótti ríkisstjórnnum Norðurlandanna það þjóna tilgangi að gera ákveðnar breytingar á samningnum til að auka fyrirvar Álandseyja og Færeyja í Norðurlandaráði og Norrænu ráðherranefndinni og að veita Grænlandi sama fyrirvar í þessum stofnunum.

Samkvæmt þessu giltu fram að því þær ákvarðanir um samsetningu Norðurlandaráðs sem voru innleiddar með breytingum á Helsingforssamningnum með samkomulagi frá 13. febrúar 1971. Með þessu var m.a. ákveðið í þáverandi 42. grein samningsins að danska þingið kysi 16 fulltrúa í ráðið, á meðan lögþing Færeyja kysi tvo fulltrúa. Hvað varðaði Finnland og Álandseyjar var ákveðið að finnska þingið myndi kjósa 17 fulltrúa en lögþing Álandseyja einn fulltrúa.

Í 43. grein var m.a. ákveðið að landsdeild Danmerkur samanstæði af kjörnum fulltrúum danska þingsins og færeyska lögþingsins, ásamt fulltrúum útnefndum af ríkisstjórninni og landsstjórninni. Á sama hátt var ákveðið að landsdeild Finnlands samanstæði af kjörnum fulltrúum finnska þingsins og álenska lögþingsins, ásamt fulltrúum útnefndum af ríkisstjórninni og landsstjórninni.

Með tilliti til Norrænu ráðherranefndarinnar er ákveðið í 60. grein Helsingforssamningsins að ríkisstjórnir Norðurlandanna vinni saman í ráðherranefndinni og að landsstjórnir Álandseyja, Færeyja og Grænlands taki þátt í starfi ráðherranefndarinnar.

Í 63. grein er m.a. ákveðið á um að ákvarðanir sem teknar eru í samræmi við samninginn séu bindandi fyrir Álandseyjar, Færeyjar og Grænland, að því leyti sem þau taki þátt í ákvörðuninni í samræmi við sjálfstjórnarfyrirkomulagið.

Þessar ákvarðanir um ráðherranefndina virðast hafa verið samdar í núverandi mynd í tengslum við fyrrnefnt samkomulag frá árinu 1983, úr því að Álandseyjar og Færeyjar höfðu ekki áður haft fyrirvar í ráðherranefndinni. Við þessar sömu breytingar fékk Grænland í fyrsta sinn fyrirvar í Norðurlandaráði.

**3.** Flutningsmenn hinna tveggja nýju tillagna um fullt og sjálfstætt fyrirvar Færeyja í Norðurlandaráði og Norrænu ráðherranefndinni hafa eins og áður sagði vísað til tveggja eldri tillagna, hinnar fyrri frá færeyska fulltrúanum Erlendi Paturssyni frá 1976 og þeirrar síðari frá dönsku ríkisstjórninni 1980.

Skilningur Lagaskrifstofunnar er sá að með fyrri tillögunni er vísað til þingmannatillögu A 495/J, sem lögð var fram árið 1976.



Tillögunni var, samkvæmt upplýsingum Lagaskrifstofunnar, vísað til meðferðar í laganefnd Norðurlandaráðs, sem sendi frá sér nefndarálit um málið í janúar 1978. Í nefndarálitinu tók laganefndin þá afstöðu að norrænt samstarf á pólitískum vettvangi ætti áfram að vera á milli þjóðþinga og ríkisstjórna fullvalda ríkja. Tillagan var því næst meðhöndluð á 26. þingi Norðurlandaráðs í febrúar 1978, þar sem hún var ekki samþykkt.

Erlendur Patursson o.fl. lögðu því næst aftur fram tillögu um sjálfstætt fyrirvar Færeyja í Norðurlandaráði í september 1978 (þingmannatillaga A 541/j), sem á sama hátt var vísað til meðferðar í laganefnd Norðurlandaráðs.

Laganefndin sendi frá sér nefndarálit um tillöguna í janúar 1979. Í nefndarálitinu vísaði nefndin til meðferðarinnar á fyrri tillögu og reifaði stuttlega rök flutningsmanna tillögunnar fyrir að setja fram á ný tillögu um fullt og sjálfstætt fyrirvar Færeyja. Nefndin lýsti því síðan yfir að mat hennar væri í grundvallaratriðum það sama og kom fram í álitu nefndarinnar um fyrri tillögu; að hið norræna samstarf á vettvangi stjórnmalanna ætti áfram að vera á milli þjóðþinga og ríkisstjórna fullvalda ríkja. Nefndin lýsti því síðan yfir að hún yrði að endurtaka álit sitt til Norðurlandaráðs hvað varðaði spurninguna um sjálfstætt fyrirvar Færeyja í ráðinu og lagði þannig til við ráðið að aðhafast ekki frekar vegna þingmannatillögunnar.

Þingmannatillagan var síðan til meðferðar á 27. þingi Norðurlandaráðs 1979, þar sem hún var ekki samþykkt.

Erlendur Patursson o.fl. lögðu aftur fram þingmannatillögu í október 1979 um sjálfstætt fyrirvar Færeyja (þingmannatillaga A 577/j), þar sem rökstuðningurinn var í meginatriðum sá sami og í tillögunni frá árinu áður.

Þessari tillögu var sömuleiðis vísað til meðferðar í laganefnd Norðurlandaráðs.

Laganefndin sendi frá sér nefndarálit um tillöguna 29. janúar 1980, þar sem hún stóð fast við það grundvallarsjónarmið að hið norræna stjórnmalasamstarf skyldi hér eftir sem hingað til vera á milli þjóðþinga og ríkisstjórna fullvalda ríkja, og á þeim grundvelli mælti nefndin með því við Norðurlandaráð að aðhafast ekki frekar í tilefni af þingmannatillögunni. Laganefndinni þótti þó tilefni til, í framhaldi af fyrrnefndu grundvallarsjónarmiði, að láta þess m.a. getið að sú grundvallarregla sem hindraði að Álandseyjar og Færeyjar væru teknar inn sem sjálfstæðir aðilar að Norðurlandaráði þyrfti ekki að koma í veg fyrir að þessi svæði tækju þátt í sem víðtækustu samstarfi á vettvangi Norðurlandaráðs. Nefndin benti því næst á nokkra mismunandi möguleika á hvernig Álandseyjar og Færeyjar gætu haft áhrif á samstarfið í Norðurlandaráði og Norrænu ráðherranefndinni innan gildandi ramma.

Með vísan til þess að ríkisstjórn Danmerkur hafði lagt fram ríkisstjórnartillögu í Norðurlandaráði 7. febrúar 1980 um fyrirvar Færeyja og Grænlands í Norðurlandaráði (nefndarálit B 29) lagði laganefnd Norðurlandaráðs til í nýju nefndaráliti 5. mars 1980 að þingmannatillögu A 577/j skyldi vísað til nýrrar meðferðar hjá laganefndinni, þar sem nefndin taldi að lokameðferðin á tillögunum tveimur skyldi fara fram samtímis, með tilliti til náins skyldleika þeirra.



Ríkisstjórnartillagan, B 29/j, hljóðaði svo:

„Heimastjórn Færeyja hefur frá 1. janúar 1970 tekið þátt í starfi Norðurlandaráðs á þann hátt að Lögþing Færeyja kys tvo af 18 fulltrúum dönsku landsdeildarinnar og að fulltrúi frá landsstjórn Færeyja er sömuleiðis í landsdeildinni.

Landsstjórn Færeyja hefur á grundvelli einróma lögþingssamþykktar frá 16. mars 1977 sett fram þá beiðni til ríkisstjórnarinnar að hún kanni leiðir til þess að færeyska heimastjórnin geti í framtíðinni útnefnt sjálfstæða landsdeild.

Ríkisstjórn Danmerkur telur æskilegt að komið verði til móts við óskir heimastjórnarinnar, með hliðsjón af stjórnskipunarlegri stöðu Færeyja samkvæmt heimastjórnarlögunum frá 1948.

Með lögum nr. 577 frá 29. nóvember 1978 er frá 1. maí 1979 stofnuð heimastjórn í Grænlandi, og er stjórnskipunarleg staða Grænlands hér eftir hin sama og Færeyja.

Grænlenzka heimastjórnin hefur sett fram ósk gagnvart ríkisstjórninni um að fyrirvar Grænlands í Norðurlandaráði verði með sama hætti og Færeyja.

Á þessum grundvelli mælist danska ríkisstjórnin til að kannað verði hvernig Færeyjar og Grænland geti öðlast sjálfstætt fyrirvar í Norðurlandaráði.“

Til skýringar á tilganginum með tillögunni má vísa til svars forsætisráðherrans, Ankers Jørgensens, 17. mars 1980, við skriflegri spurningu frá þingmanni danska þingsins um málið (spurning nr. 534), þar sem forsætisráðherrann – eftir að hafa endursagt tillöguna – tilgreindi eftirfarandi:

„Í síðustu málsgrein tillögunnar kemur fram að ríkisstjórnin hefur einmitt ekki fyrirfram fastsett formið fyrir færeysku og grænlenzku fyrirvari í ráðinu í framtíðinni.

Ríkisstjórnin telur það aftur á móti æskilegt að komið verði til móts við hin færeysku og grænlenzku sjónarmið með tilliti til útnefningar sjálfstæðra deilda, að því marki sem það er mögulegt.

Þar sem ríkisstjórninni er á sama tíma ljóst að um er að ræða flókið úrlausnarefni þykir henni rétt að mælast til þess við Norðurlandaráð að setja í gang rannsókn á hvernig þessi tvö svæði geta öðlast þetta sjálfstæða fyrirvar í ráðinu“.

Í nóvember 1980 ákváðu norrænu forsætisráðherrarnir og forsætisnefnd Norðurlandaráðs að skipa samstarfsnefnd samsetta af hinum fimm fulltrúum forsætisnefndarinnar og fimm ríkisstjórnarfulltrúum til þess að gera úttekt á hvernig Álandseyjar, Færeyjar og Grænland gætu fengið ásættanlegt fyrirvar í Norðurlandaráði. Samstarfsnefndin sendi frá sér álit í september 1982.

Meginsjónarmið álitsins, eins og þau eru samandregin í áliti laganefndar Norðurlandaráðs frá 18. janúar 1983 um tillögu dönsku ríkisstjórnarinnar í Norðurlandaráði, voru að veita bæri



Grænlandi fyrirvar í Norðurlandaráði og í því sambandi styrkja einnig stöðu Álandseyja og Færeyja í hinu norræna samstarfi. Það skyldi fela í sér að Færeyjar, Grænland og Álandseyjar fengju rétt til að kjósa tvo fulltrúa í ráðið hvert um sig, og rétt til að tilnefna þann fjölda fulltrúa frá landsstjórnnum sínum sem þau óskuðu eftir, að svæðin þrjú skyldu hafa aukinn rétt til að taka þátt í vinnu í nefndum ráðsins, að landsstjórnirnar skyldu hafa rétt til að leggja fram tillögur í ráðinu, og að landsstjórnirnar skyldu hafa rétt til að taka þátt í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar, að embættismenn frá landsstjórnunum skyldu hafa rétt til að taka þátt í starfi embættismannanefndanna, auk þess sem ákvarðanir teknar af ráðherranefndinni skyldu vera bindandi fyrir Álandseyjar, Færeyjar og Grænland, að því leyti sem þau féllust á ákvörðunina í samræmi við sjálfstjórnarfyrirkomulagið.

Nefndaráliði fól þó samtímis í sér höfnun á hugmyndinni um að Álandseyjar, Færeyjar og Grænland skyldu standa jafnfætis fulltrúum hinna fimm fullvalda norrænu ríkja, þar sem óskað væri eftir að viðhalda eðli ráðsins sem alþjóðlegri stofnun fullvalda ríkja. Dönsku fulltrúarnir tóku ekki þátt í þeirri höfnun, þar sem þeir eftir að hafa gengið úr skugga um, að raunveruleg aðild að ráðinu væri ekki möguleg, gerðu ekki neina beina tillögu í málinu.

Í nefndarálitinu voru ennfremur beinar tillögur um breytingar á Helsingforssamningnum og starfsreglum ráðsins og ráðherranefndarinnar í samræmi við tillögurnar.

Í nefndaráliti laganefndarinnar frá 18. janúar 1983 um ríkisstjórnartillöguna tók laganefndin undir meginsjónarmið samstarfsnefndarinnar og endurtók þar sitt fyrra sjónarmið um að samstarf norrænna þingmanna skyldi vera á milli þjóðþinga og ríkisstjórna fullvalda ríkja.

Í tengslum við yfirferð sína á tillögum samstarfsnefndarinnar til breytinga á Helsingforssamningnum o.fl. gerði laganefnd Norðurlandaráðs ítarlega grein fyrir mati sínu varðandi framtíðarheiti á fyrirvari Færeyja, Grænlands og Álandseyja í Norðurlandaráði, með sérstöku tilliti til notkunar á hugtakinu „deild“. Nefndin sagði m.a.:

„Við mat laganefndarinnar vegna spurningarinnar um heiti á fyrirvari Álandseyja, Færeyja og Grænlands í Norðurlandaráði hefur útgangspunkturinn verið hinn sami og í samstarfsnefndinni. Samstaða er um að með því að vera kallaðir „deild“ öðlast hinir álensku, færeysku og grænlenku fulltrúar ekki aðra stöðu í tengslum við starfsemi Norðurlandaráðs en þeir myndu öðlast án þess heitis. Á grundvelli þessa, og til að leggja áherslu á að laganefndin meti það sem mjög mikilvægt að eins víðtæk samstaða og mögulegt er náist um lausn þessa máls, hefur nefndin rætt ítarlega um orðalag sem fulltrúar nefndarinnar myndu geta sameinast um. Sérstaklega með tilliti til þeirrar áherslu sem gefin hefur verið til kynna af hálfu Færeyinga og Grænlandinga í samstarfsnefndinni á að fundin verði viðhlítandi lausn á málinu og með tilliti til þess að samstaða er í samstarfsnefndinni um að innleiðing á hugtökunum „deild Færeyja“, „deild Grænlands“ og „deild Álandseyja“ muni ekki virka truflandi á aðrar tillögur sem gerðar hafa verið að breytingum á vinnulagi í Norðurlandaráði, leggur laganefndin til að 48. grein Helsingforssamningsins verði breytt þannig að í ákvæðinu komi fram að hinir álensku, færeysku og grænlenku fulltrúar ráðsins myndi eigin deildir sem verði hluti af annars vegar landsdeild Danmerkur og hins vegar landsdeild Finnlands.“



Laganefndin mælti með breytingum á Helsingforssamningnum, sem í meginatriðum svara til þess sem kom til framkvæmda með samkomulaginu frá 15. júní 1983.

4. Eins og fram kom í upphafi hefur færeyska deildin í Norðurlandaráði og landsstjórn Færeyja í tillögum sínum ennfremur vísað til hins svonefnda Álandseyjaskjals, þ.e.a.s. álitsins frá 2007 frá starfshópnum sem fékk það verkefni að leggja til aðgerðir sem gætu styrkt þátttöku sjálfstjórnarsvæðanna í norrænu samstarfi.

Útgangspunktur álitsins lá í ákvörðun norrænu samstarfsráðherranna frá október 2005 um að kortleggja skyldi þátttöku sjálfstjórnarsvæðanna í norrænu samstarfi. Í framhaldi af þeirri kortlagningu, sem lá fyrir í maí 2006, var unnið umboð fyrir starfshópin sem skyldi leggja til aðgerðir til að styrkja þátttökuna.

Álitið felur annars vegar í sér heildstæða greinargerð um hina gildandi ramma fyrir þátttöku sjálfstjórnarsvæðanna í hinu formlega norræna samstarfi á ólíkum stigum, hins vegar nokkrar tillögur um frekari þróun á möguleikum þeirra fyrir þátttöku.

Vinnuhópurinn hnitmiðaði þó í skjalinu að hann – í samræmi við umboð sitt – hefði ekki fjallað um tillögur sem myndu krefjast breytinga á Helsingforssamningnum. Það fól samkvæmt þessu t.d. í sér að vinnuhópurinn lagði ekki til að Álandseyjar, Færeyjar og Grænland fengju stöðu sem samningsaðilar að Helsingforssamningnum og fulla aðild að Norðurlandaráði og Norrænu ráðherranefndinni.

5. Það getur gefið tilefni til ýmiskonar þjóðréttarlegra íhugana um í hvaða umfangi og undir hvaða kringumstæðum Færeyjar og Grænland geti á sjálfstæðan hátt gert þjóðréttarlega samninga og tekið þátt í samstarfi innan alþjóðlegra stofnana innan ramma stjórna rskrár danska ríkisins.

Spurningin hefur frá árinu 2005 verið viðfangsefni laga nr. 579 frá 24. júní 2005 um þátttöku landsstjórnar Færeyja í þjóðréttarlegum samningum. Samsvarandi lög, frá sama tíma, gilda fyrir Grænland.

Í greinargerð við lagafrumvarpið um aðild landsstjórnar Færeyja að þjóðréttarlegum samningum kemur m.a. fram (lagafrumvarp nr. L 171, þingárið 2004–2005, 2. þinghald):

„2.2. Þjóðréttarlegar athugasemdir

Ríkisstjórnin gerir eftirfarandi athugasemdir varðandi þjóðréttarlega ramma fyrir umboðið.

19. grein stjórnarskrár danska ríkisins, 1. og 3. málsgrein, hljóðar svo:

„19. gr. Konungurinn kemur fram fyrir hönd ríkisins í alþjóðasamskiptum. Án samþykkis danska þingsins getur hann þó ekki aðhafst nokkuð sem eykur eða takmarkar umráðasvæði ríkisins eða undirgengist nokkrar skuldbindingar, sem atbeina þingsins þarf til að fullnægja eða hafa meiriháttar þýðingu. Konungur má





ekki heldur, án samþykkis þingsins, segja upp þjóðréttarsamningum sem þingið hefur áður samþykkt.

2. mgr. (..)

3. mgr. Þingið velur þingmenn til setu í utanríkismálanefnd, sem ríkisstjórnin ráðfærir sig við áður en nokkur ákvörðun er tekin í mikilvægum utanríkismálum. Frekari reglur um störf utanríkismálanefndar ber að ákveða með lögum.“

Eins og fram kemur í 19. grein stjórnarskrár danska ríkisins, 1. mgr., kemur konungurinn (ríkisstjórnin) fram fyrir hönd ríkisins í alþjóðasamskiptum. Það felur í sér að samkvæmt stjórnarskránni er ekki hægt að eigna einstökum hlutum ríkisins sjálfstæð valdmörk í þessum málefnum.

Það myndi þess vegna krefjast stjórnarskrárbreytingar ef Færeyjar ættu þjóðréttarlega að hafa möguleika á að koma fram á eigin vegum í alþjóðasamskiptum.

Spurningin er framvegis hvort möguleiki sé á því frá stjórnskipunarréttarlegu sjónarhorni að Færeyjar geti komið fram fyrir hönd ríkisins í fjölda milliríkjamála. Um þetta eru gerðar eftirfarandi athugasemdir:

Með því að koma fram fyrir hönd ríkisins mun færeyska landsstjórnin binda allt ríkið, þannig að ráðstafanir á sviði utanríkismála munu snerta utanríkispólítískar kringumstæður ríkisins almennt. M.a. myndu hugsanlegar spurningar um þjóðréttarlega ábyrgð á vanefndum á þjóðréttarlegum samningi sem Færeyjar hafa gert krefjast þess að dönsk stjórnvöld kæmu að borðinu.

Með þessu aðgreinir utanríkisstefnan sig verulega frá tilvikum þar sem færeysk stjórnvöld hafa löggjafar- og framkvæmdavald, því þessi völd veita aðeins heimild til að ákvarða reglur o.fl. sem hafa áhrif á Færeyjar.

Danska stjórnarskráin mun því hindra raunverulegt framsal valds til færeyskra stjórnvalda til að koma fram í alþjóðasamskiptum sem falla undir fyrrnefnt ákvæði í 19. gr., 1. mgr. Þar af leiðir að auk þess verður að gera ráð fyrir að ekki muni vera mögulegt að gefa færeyskum stjórnvöldum heimild til reglusetningar á sviði utanríkismála. Stjórnarskráin mun þannig koma í veg fyrir að færeyskum stjórnvöldum verði heimilað að setja lög um málefni utanríkisþjónustunnar, að stofna sendi- og ræðisskrifstofur erlendis eða leyfa stofnun slíkra sendi- eða ræðisskrifstofa í Færeyjum.

Hins vegar mun það vera mögulegt innan ramma stjórnarskrárinnar að heimila færeysku landsstjórninni að koma fram fyrir hönd ríkisins í tilteknum málefnum á sviði alþjóðasamskipta sem varða eingöngu Færeyjar og hafa ekki áhrif á aðra hluta ríkisins.

Sú staðreynd að heimildin geti eingöngu spannað málefni sem varða Færeyjar, felur í fyrsta lagi í sér að heimildin til að koma fram fyrir hönd ríkisins í alþjóðamálum verður



að einkorðast við mál þar sem færeyska landsstjórnin getur sjálf gert nauðsynlegar breytingar á löggjöf, stjórnsýsluaðgerðum o.s.frv. í tengslum við gerð alþjóðasamninga.

Í öðru lagi felur framangreint í sér að þeir alþjóðlegu samningar sem færeyska landsstjórnin gerir fyrir hönd ríkisins í krafti fyrrnefndrar heimildar geta einungis náð yfir færeyskt landssvæði.

Eins og áður var nefnt verður ekki um að ræða eiginlegt framsal á heimildum til að koma fram fyrir hönd ríkisins á alþjóðavettvangi. Ríkisstjórnin mun því áfram hafa hið utanríkispólítíska vald, einnig í þeim málefnum sem falla undir það umboð sem veitt er færeysku landsstjórninni.

Tillitið til ríkisheildarinnar og 19. greinar stjórnarskrárinnar felur enn fremur í sér að komið verður í veg fyrir að beiting landsstjórnar Færeyja á utanríkispólítískum aðgerðum – sem eins og fram hefur komið verður þjóðréttarlega bindandi fyrir ríkið í heild – vinni á móti hagsmunum ríkisins, hér undir almennri utanríkisstefnu.

Landsstjórn Færeyja mun þannig ekki geta gert utanríkispólítískar ráðstafanir sem brjóta í bága við hagsmuni annarra hluta ríkisins – þar með talið að gera samninga sem stríða gegn meginreglum utanríkisstefnu ríkisins á viðkomandi málefnasviði.

Með það fyrir augum að tryggja samræmið við almenna utanríkisstefnu ríkisins mun það því verða forsenda fyrir umboði til landsstjórnar Færeyja til að koma fram fyrir hönd ríkisins í alþjóðamálum að komið verði á fyrirkomulagi sem tryggir að ríkisstjórnin verði upplýst og leitað samráðs hjá henni áður en ráðstafanir eru gerðar á sviði utanríkismála.

(...)

## 2.4. Notkunarsvið laganna

(...)

### 2.4.3 Alþjóðastofnanir

Alþjóðastofnanir eru í næstum öllum tilvikum stofnaðar með marghliða samningum. Á sama hátt og lýst er hér að ofan um marghliða samninga verður að jafnaði ekki hægt að nota heimildina í tengslum við stofnsamning alþjóðastofnunar og þar með fyrir aðild að viðkomandi alþjóðastofnun. Það mun að jafnaði vera Konungsríkið Danmörk sem er aðili viðkomandi stofnunar, og aðildin mun einnig ná yfir Færeyjar. Í þessum tilvikum er hagsmuna Færeyja áfram gætt með þátttöku í undirbúningi samningaviðræðna og í samninganefnd ríkisins, þar sem sérstakir hagsmunir Færeyja eru í húfi. Gagnvart Sameinuðu þjóðunum er það föst venja að færeyska landsstjórnin geti skipað fulltrúa sem eru hluti af dönsku sendinefndinni á árlegum allsherjarþingum Sameinuðu þjóðanna.



Þó að ESB hafi á mörgum sviðum tekið yfir valdmörk aðildarríkjanna til að semja og gangast undir þjóðréttarlega samninga eru aðildarríkin þó áfram sjálfstæðir aðilar að langflestum alþjóðastofnunum, t.d. SP, WTO og OECD. Oft er ESB með aðild samhliða aðildarríkjunum og í þeim tilvikum er yfirlétt ákveðið að aðildarríkin og ESB „deili aðildinni“, þannig að Framkvæmdastjórnin tjáir sig og semur fyrir hönd aðildarríkjanna, þar sem það er innan valdheimilda Evrópusambandsins, og aðildarríkin sjá áfram um málefni þar sem er á valdi ríkjanna sjálfra, oftast að undangengnu samráði og með forseta leiðtogaráðs ESB sem talsmann. Þetta fyrirkomulag felur í sér að aðildarríkin halda hvert fyrir sig atkvæðisrétti sínum, sem e.t.v. er þó framkvæmdur af Framkvæmdastjórninni, þar sem það er innan valdheimilda Evrópusambandsins.

Aðildarríkin halda vitaskuld fullum valdheimildum sínum í tengslum við þau svæði hlutaðeigandi aðildarríkis, sem ekki eru með aðild, eins og Færeyjar og Grænland, hvað varðar Konungsríkið Danmörku. Samkvæmt yfirlýsingu nr. 25 í Maastricht-sáttmálanum geta þau ESB-lönd, sem hafa yfirráðasvæði handan hafs sem falla ekki undir sáttmálann, ef um óleysanlega hagsmunaráreksstra er að ræða, varið hagsmuni yfirráðasvæðisins án þess að það skaði hagsmuni ESB.

ESB er enn sem komið er með sérstakri undantekningu aðili að tilteknum alþjóðlegum fiskveiðistofnunum (NAFO, NEAFC, NASCO), þar sem aðildarríkin eru ekki sjálfstæðir aðilar, og ESB hefur aðeins eitt atkvæði í þessum stofnunum. Í þessum undantekningartilfellum er það viðurkennt að Konungsríkið Danmörk getur komið fram sem sjálfstæður aðili hvað varðar Færeyjar og Grænland. Frakkland hefur samsvarandi fyrirkomulag varðandi St. Pierre et Miquelon, sem fellur ekki inn í ESB-aðildar Frakklands. Vel er hugsanlegt að síðar eigi eftir að koma upp fleiri sérstök tilvik af þessum toga. Heimildin mun gilda í tengslum við fyrrnefndar alþjóðlegar fiskveiðistofnanir og annað sambærilegt fyrirkomulag sem kann að verða samþykkt í framtíðinni.

Ákvæðið í 4. grein frumvarpsins varðar aftur á móti hin sérstök tilvik þar sem alþjóðlegar stofnanir gefa möguleika á að aðilar aðrir en ríki og ríkjasambönd geti öðlast aðild í eigin nafni. Það nær í meginatriðum yfir aukaaðild, sem oftast á við yfirráðasvæði handan hafs, sem aðildarríki fer með utanríkismál fyrir. Yfirlétt er hægt að öðlast aukaaðild að undangenginni umsókn frá viðkomandi aðildarríki. Stundum getur slík umsókn verið samþykkt af æðsta valdi í málefnum stofnunarinnar (aðalfundi eða þess háttar); en í öðrum tilvikum – t.d. IMO, þar sem Færeyjar hafa nú stöðu aukaaðila – er nægilegt að aðildarríki gefi einhliða yfirlýsingu um aukaaðild fyrir það yfirráðasvæði handan hafs sem það annast utanríkismálefni fyrir. Í stjórnskipun einstakra stofnana geta verið sérstök skilyrði fyrir því að öðlast aukaaðild.

Venjulega felur aukaaðild í sér rétt til að taka þátt í fundum stofnunarinnar með málfrelsi, en ekki atkvæðisrétt, og rétt til kjörs í öll eða tiltekin ráð, nefndir og



undirnefndir stofnunarinnar. Venjulega greiðir aukafélagi lægra aðildargjald til stofnunarinnar.

Þar sem um er að ræða aukaaðild er það einkennandi að aukaaðilar koma fram í eigin nafni. Einnig í þessum efnum greinir aukaaðild sig frá ofangreindu fyrirkomulagi á fullri aðild fyrir „*Danmörku að því er varðar Færeyjar og Grænland*“, sem gildir gagnvart tilteknum alþjóðlegum fiskveiðistofnunum.

Ef hins vegar slík stofnun boðar til diplómatískrar ráðstefnu í því augnamiði að samþykkja marghliða samninga getur aukaaðili yfirleitt ekki tekið sjálfstæðan þátt. Færeyjar myndu samkvæmt venju geta tekið þátt í sendinefnd konungsríkisins á slíkum ráðstefnum, þar sem fjallað eru um málefni sem hafa sérstaka þýðingu fyrir Færeyjar.

Í Norrænu ráðherranefndinni hafa Færeyjar, á sama hátt og Grænland og Álandseyjar, mjög víðtæka aukaaðild, sem í daglegu starfi gefur færeyskum stjórnvöldum umtalsvert jafnræði á við norrænu löndin sem eru aðilar að Norrænu ráðherranefndinni, jafnvel þótt Færeyjar séu ekki aðili að norræna samstarfssamningnum (Helsingforssamningnum).

Ákvæðið í 4. grein frumvarpsins endurspeglar að ríkisstjórnin er í ákveðnum tilvikum reiðubúin – samkvæmt beiðni frá og í samstarfi við færeysku landsstjórnina – að kanna beina möguleika á færeyskri aðild í eigin nafni að alþjóðlegum stofnunum sem eru opnar fyrir öðrum en ríkjum og ríkjabandalögum, og þegar svo ber undir að styðja slíkar óskir, þar sem það samræmist stöðu Færeyja, sbr. lið 2.2.

Til dæmis opna stofnskrár FAO og UNESCO möguleika á aukaaðild fyrir yfirráðasvæði handan hafs, sem aðildarríki annast utanríkismálefni fyrir.

Ofangreindar athugasemdir varðandi alþjóðastofnanir fjalla ekki um aðrar tegundir stofnana en þær sem stofnað er til sem samstarfs milli ríkja. Við hlið þessa ríkjasamstarfs er til fjöldi óopinberra alþjóðlegra stofnana. Þeim hefur gjarnan verið komið á fót sem samvinnu á ákveðnu sviði – t.d. í íþróttum – á milli félaga þjóða o.fl. Möguleikar færeyskra félaga til að öðlast aðild að óopinberum alþjóðlegum stofnunum eru háðir regluverki viðkomandi stofnana og hafa ekki áhrif á þetta frumvarp. Ekki er þó hægt að útiloka að hinn aukni færeyski sýnileiki í alþjóðlegu samhengi, sem frumvarpið gerir mögulegt, geti haft þau afleiðdu áhrif að færeyskar óskir um þátttöku hljóti meiri velvild, einnig frá alþjóðastofnunum.“

4. grein laganna, sem vísað er til, hljóðar svo:

„§ 4. Þar sem alþjóðlegar stofnanir opna möguleika á að aðrar einingar en ríki og ríkjabandalög geti öðlast aðild í eigin nafni getur ríkisstjórnin að beiðni landsstjórnar Færeyja ákveðið að senda inn eða styðja umsókn þar um fyrir Færeyjar, í þeim tilvikum þar sem það er samræmanlegt stjórnskipunarlegri stöðu Færeyja.“



Eftirfarandi kemur fram í sérstökum athugasemdum við ákvæðið:

„Ákvæðið í 4. gr. varðar þau sérstöku tilvik þar sem alþjóðlegar stofnanir gefa möguleika á að aðrir en ríki og ríkjabandalög geta öðlast aðild í eigin nafni. Það nær í meginatriðum yfir aukaaðild, sem oftast á við yferráðasvæði handan hafs, sem aðildarríki fer með utanríkismál fyrir. Af ákvæðinu í 4. gr. leiðir að ríkisstjórnin er reiðubúin í ákveðnum tilvikum – samkvæmt beiðni frá og í samstarfi við færeysku landsstjórnina – að kanna beina möguleika á færeyskri aðild í eigin nafni að alþjóðlegum stofnunum sem eru opnar fyrir öðrum en ríkjum og ríkjabandalögum, og þegar svo ber undir að styðja slíkar óskir, þar sem það samræmist stjórnskipunarlegri stöðu Færeyja.“

Ennfremur má vitna í minnisblað eftir dr. jur. Frederik Harhoff, dósent og nú prófessor emeritus: „Minnisblað um stöðu Færeyja og Grænlands í hinu norræna samstarfi“. Minnisblaðið er prentað sem fylgiskjal 4 með hinni svokölluðu kortlagningu frá því í maí 2006, sem lá til grundvallar þeirri vinnu sem leiddi til Álandseyjaskjalsins.

Eftirfarandi kemur fram í 7. kafla minnisblaðsins, þar sem fjallað er um utanríkispólítíska stöðu heimastjórnarinnar:

„Samkvæmt 19. grein stjórnarskrárinnar skal ríkisstjórnin tryggja sér samþykki danska þingsins (lögjafans) til síðari efnda í lagaformi á sáttmálabundnum skuldbindingum, áður en þær eru samþykktar af ríkisstjórninni. Út frá stjórnskipunarréttarlegu jafnt sem þjóðréttarlegu sjónarhorni virðist það óhagkvæmt, þar sem það stjórnvald sem er hæft til að gera þjóðréttarlegan samning hefur ekki jafnframt möguleika á að tryggja efndir á skuldbindingum samningsins innanlands í þjóðarétti. Þetta er einmitt sú staða sem Danmörk er í að því leyti sem danska ríkisstjórnin gerir þjóðréttarlegan samning um grænensk eða færeysk málefni, sem einungis (alveg eða að hluta til) er hægt að uppfylla með grænenskri eða færeyskri lagasetningu innanlands, sem ríkisstjórnin hefur engin áhrif á. Af þessari ástæðu hefur landsstjórnin, hvort tveggja á Grænlandi og í Færeyjum, óskað eftir því að fá umboð til að gera þjóðréttarlega samninga á þeim málefnasviðum sem heimastjórnin hefur yfirtekið. Báðar landsstjórnirnar eiga nú eins og áður var nefnt fulltrúa í mörgum alþjóðlegum stofnunum, m.a. í Norðurlandaráði, þar sem tveir fulltrúar dönsku landsnefndarinnar eru skipaðir af landsþinginu og tveir af lögþinginu, og báðar landsstjórnirnar hafa sína eigin fulltrúa í dönsku sendinefndinni í Evrópusambandinu.

Með tvennum nánast samhljóða lögum, nr. 577 og 579 frá 24. júní 2005, um gerð alþjóðasamninga fyrir landsstjórnir Grænlands og Færeyja, hefur nú eins og áður var nefnt verið sköpuð lagaheimild til að landsstjórnir Færeyja og Grænlands geti hvor um sig og upp á eigin spýtur gert (sérstaklega tvíhliða) samninga við þriðju lönd og alþjóðastofnanir á þeim málefnasviðum sem heimastjórnin hefur nú þegar yfirtekið. Þessi tvenn lög, sem í báðum tilvikum hefjast á formála um grundvöll laganna í „samkomulagi milli landsstjórnar Færeyja / Grænlands og dönsku ríkisstjórnarinnar sem jafningja“ (mín skáletrun), heimila landsstjórninni í Færeyjum jafnt sem á Grænlandi



að semja og samþykkja þjóðréttarlega samninga, hér undir stjórnsýslusamninga, er varða málefnasvið sem hafa alfarið verið yfirtekin af landsstjórnunum.

Ætla má að heimildin hafi verið kynnt innan valdheimilda ríkisstjórnarinnar, skv. 19. gr. stjórnarskrárinnar, og það kemur því á óvart að heimildin sé hér kynnt af *danska þinginu* en ekki *ríkisstjórninni*. Samningarnir eru sem fyrr segir gerðir „fyrir hönd ríkisins“ og undir heitinu „Konungsríkið Danmörk að því er varðar Færeyjar / Grænland“; þeir binda með öðrum orðum ríkið *sem heild*, og möguleg þjóðréttarleg ábyrgð á vanefndum á samningi mun þess vegna hvíla á öllu ríkinu. Hvor tveggja löggin slá því föstu í framhaldinu, sbr. 1. gr., 5. mgr., að Danmörk beri hina stjórnskipunarlegu ábyrgð og heimildir varðandi samninga, samningaviðræður, samþykkt og uppsögn þjóðréttarlegra samninga, þar með talið samninga sem gerðir eru af landsstjórninni samkvæmt lögnum. Hvor tveggja löggin setja það sem forsendu í 2. gr., 2. mgr., að landsstjórnin *upplýsi* ríkisstjórnina áður en viðræður um alþjóðlega samninga hefjast og upplýsi sömuleiðis ríkisstjórnina um gang viðræðnanna áður en samningar eru gerðir eða þeim er sagt upp. Ríkisstjórnin fastsetur undir öllum kringumstæðum – eftir samningaviðræður við landsstjórnina – hina nánari ramma samstarfsins, og utanríkisráðuneytið gaf 26. september 2005 út vinnureglur þar um. Að lokinni sameiginlegri ákvörðun milli landsstjórna Færeyja og Grænlands geta landsstjórnirnar tvær komið fram í sameiningu og gert þjóðréttarlega samninga sem gilda fyrir þær báðar.

Lögin innihalda auk þess hina stórfelldu takmörkun að landsstjórnin getur ekki gert þjóðréttarlega samninga sem snerta varnar- og öryggismálastefnuna, eða sem eiga að gilda fyrir Danmörku, eða sem samið er um innan alþjóðlegrar stofnunar sem Danmörk á aðild að.

Almennt geta aðeins sjálfstæð ríki gerst aðilar að alþjóðlegum stofnunum, og Færeyjar og Grænland munu því allajafna aðeins geta komið fram í slíkum stofnunum í krafti aðildar Danmerkur. Þó geta Færeyjar og Grænland í ákveðnum tilvikum fengið *aukaaðild* (án fullrar aðildar) í slíkum stofnunum, og Færeyjar hafa t.d. öðlast slíka stöðu í Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO). Ef Danmörk er ekki aðili að alþjóðlegri stofnun, geta Færeyjar og / eða Grænland – með vitund ríkisstjórnarinnar – fengið aðild fyrir hönd ríkisins undir heitinu „Konungsríkið Danmörk að því er varðar Færeyjar / Grænland“, og það er ef svo er í raun ríkið sem heild, sem öðlast aðild, sem landfræðilega er takmörkuð við Færeyjar og Grænland.“

Eftirfarandi kemur fram í kafla 9 í minnisblaðinu um stöðu Grænlands og Færeyja í Norðurlandaráði:

„Færeyjar og Álandseyjar hafa tekið þátt í hinu norræna samstarfi og haft sína eigin kjörnu fulltrúa í Norðurlandaráði síðan 1970, en Grænland öðlaðist fyrst sömu stöðu í samstarfinu 1984 – samkvæmt tillögu Petri-nefndarinnar, sem einnig hafði í för með sér breytingu á Helsingforssamningnum með tilliti til „þátttöku“ sjálfstjórnarsvæðanna þriggja í Norrænu ráðherranefndinni. Öll þrjú sjálfstjórnarsvæðin hafa nú tvo fulltrúa hvert í Norðurlandaráði og taka auk þess



Þátt til jafns við alla aðra kjörna fulltrúa ráðsins í nokkrum fastanefndum Norðurlandaráðs, þar sem þeir hafa m.a. lagt sitt af mörkum til þróunar á vestnorræna samstarfinu og hafa tekið frumkvæði í ýmsum málum á sviði umhverfismála og fiskveiða, um öryggismál, frumbyggjapjóðir, norðurskautsmál, menningu, menntun og rannsóknir. Formenn landsstjórna Álandseyja, Færeyja og Grænlands hafa enn fremur fasta áheyrn hjá forsætisráðherrum Norðurlandanna þegar þeir hittast í Norrænu ráðherranefndinni.

Eins og fram kom að ofan, undir 7. lið, hafa Færeyjar og Grænland ekki heimild til að gera á eigin vegum þjóðréttarlega samninga sem samið er um innan alþjóðastofnana þar sem Danmörk á aðild, sbr. „heimildarlögin“ nr. 577 og 579 frá 24. júní 2005, 2. gr., 4. mgr. Færeyjar og Grænland geta þannig ekki – stjórnskipunarréttarlega – á eigin vegum samið eða gert nokkra samninga við (hin) norrænu löndin um inngöngu í Norrænu ráðherranefndina sem sjálfstæðir aðilar. Samkvæmt 4. gr.

heimildarlaganna getur ríkisstjórn Danmerkur þó – að fengnum tillögum frá landsstjórn Færeyja og / eða Grænlands – ákveðið að leggja inn eða styðja beiðni um fulla aðild fyrir Færeyjar / Grænland í Norrænu ráðherranefndinni, ef áður hefur verið útveguð heimild í Helsingforssamningnum til inntöku sjálfstjórnarsvæðanna þriggja sem sjálfstæðra aðila. Þetta er hins vegar ekki tilfellið nú og mun líklega krefjast breytingar á Helsingforssamningnum. Inntaka sem fullgildir aðilar að Norrænu ráðherranefndinni skal enn fremur – samkvæmt 4. gr. heimildarlaganna – „samræmast stjórnskipunarlegri stöðu Færeyja / Grænlands“, sem ríkisstjórnin verður að skera úr um eftir samningaviðræður við landsstjórnina.

Lögum um aðild landsstjórnar Færeyja að þjóðréttarlegum samningum hefur ekki verið breytt frá því að þau voru samþykkt. Sömuleiðis hefur stjórnarskránni eins og kunnugt er ekki verið breytt síðan hún var samþykkt árið 1953.